

Föstudaginn 6. október 1978.

Nr. 198/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Þórarni Hjalta Hrólfsyni**

(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ákæra.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Er lögreglumenn komu að bifreiðinni P 526 kl. 0510 sunnudag 30. nóvember 1975, var ákærði sofandi í aftursæti bifreiðar. Hefur hann staðfastlega haldið því fram, að fyrir sér hafi ekki vakað að aka bifreiðinni, heldur hafi hann leitað svefn-skjóls í henni. Fær þessi frásögn stoð í gögnum máls. Eins og hér stendur á, verður ákærða eigi refsað fyrir að reyna að aka bifreiðinni, sbr. 25. gr. og 80. gr. laga nr. 40/1968, með því að setja vél hennar í gang. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, 40.000 krónur, og skipaðs verjanda hans hér fyrir dómi, 60.000 krónur.

Í ákæruskjali getur eigi, hvenær ákærði hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök, og ranglega er þar greint númer á húsi því, er bifreið ákærða stóð við. Er þetta aðfinnsluvert, sbr. 115. og 118. gr. laga nr. 74/1974. Þykja þessir annmarkar þó eigi varða ómerkingu máls og frávisun frá héraðsdómi, enda var brot aðeins eitt, sem ákærða var gefið að sök, og gat honum ekki dulist, hvert ákæruefni var. Kom fullkomin vörn fram um það af hans hendi, en ákærði viðurkenni réttmæti ákæru í þinghaldi í sakadómi Akraness 11. janúar 1977.

## D ó m s o r ð :

Ákærði, Þórarinn Hjalti Hrólfsson, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Páls S. Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

**Dómur sakadóms Akraness 6. apríl 1977.**

Ár 1977, miðvikudaginn 6. apríl, var í sakadómi Akraness, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Jóni Sveinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 813/1975: Ákærvaldið gegn Þórnari Hjalta Hrólfssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. nóvember 1976, höfðað gegn Þórnari Hjalta Hrólfssyni pípulagningamanni, Skólabraut 20, Akranesi, „fyrir að gangsetja, undir áhrifum áfengis, bifreiðina P 526 við hús nr. 21 við Ásvallagötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 5. janúar 1946 á Akureyri og hefur sætt kær-um og refsingum sem hér segir:

1964 19/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1969 14/3 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.

1973 22/5 í Snæfellsnes- og Hnappadalss.: Dómur: 10 daga varð-hald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. um-ferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur öku-leyfi í 1 ár frá 22. maí 1973.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 30. nóvember 1975, kl. 0510, var Jón Björnsson, lögregluþjónn í Reykjavík, í eftirlitsferð ásamt lögregluþjóni nr.

145. Er þeir voru staddir á Ásvallagötu í Reykjavík, tóku þeir eftir bifreiðinni P 526, þar sem hún stóð við hús nr. 25, en vél hennar var í gangi og bifreiðin ólæst. Fór Jón að athuga bifreiðina og veitti þá eftirtekt mjög áberandi ölvuðum manni, er lá í aftursæti bifreiðarinnar. Maður þessi, ákærði í máli þessu, kvaðst vera eigandi bifreiðarinnar. Hann kvaðst hafa gangsett hana til að halda á sér hita, þar sem hann hefði ekki í annan stað að venda. Færðu lögreglumennirnir bifreiðina ásamt eiganda hennar á miðborgarlögreglustöðina, þar sem ákærði var færður fyrir varðstjóra, Erlend Sveinsson. Þar sem framburður ákærða var mjög ruglingslegur, var varðstjóraskýrsla ekki tekin. Ekki var öndunarsýni heldur tekið, þar sem ákærði var mjög áberandi ölv-aður. Var ákærði síðan fluttur á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni vegna alkóhólrannsóknar, en að því loknu færður í fangageymslu lögreglunnar. Klukkan 1350 sama dag kom ákærði fyrir rannsóknarlögregluna í Reykjavík og gaf þar skýrslu.

Fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og einnig fyrir sakaðómi Akraness þann 13. október 1976 skýrði ákærði þannig frá málavöxtum: Laugardagskvöldið 29. nóvember 1975 kom hann á bifreið sinni, P 526, til kunningja síns, Kjartans Bjarnasonar, er býr að Ásvallagötu 21, Reykjavík. Lagði hann bifreiðinni við hús nr. 25, þar sem erfitt var að komast nær húsinu vegna bifreiða, er fyrir voru. Síðar um kvöldið fóru þeir félagar á Röðul og fengu Jón Bjarnason, bróður Kjartans, til að aka þeim þangað. Ekki höfðu þeir bragðað áfengi þá, en höfðu það í hyggju. Dvöldust þeir á veitingastaðnum, þar til dansleik lauk, og drukku þar áfengi. Er þeir komu út úr samkomuhúsinu, varð ákærði viðskila við Kjartan og hugðist því leita til systur sinnar um næturstað, en hún bjó í Breiðholti. Tók hann sér leigubifreið og hélt þangað, en þar svaraði enginn. Fékk hann sér þá leigubifreið á ný og hélt vestur á Ásvallagötu 21, en um hafði verið talað, að hann fengi að vera þar, ef systir hans væri ekki heima. Þar var enginn heima. Reyndi hann að komast inn í húsið með öllum tiltækum ráðum og beið lengi fyrir utan í þeirri von, að einhver kæmi fljótlega heim. Var veður vont, norðan rok og 6—8 stiga frost, en ákærði í þunnum klæðnaði. Varð honum því fljótt mjög kalt. Hann hafði eytt síðustu peningum sínum í leigubifreiðina ofan úr Breiðholti og gat því ekki leitað húsnæðis á hóteli eða öðrum gististað. Ekki þekkti hann aðra í Reykjavík, sem hann taldi sig geta leitað til kl. 0330 að nóttu. Vegna alls þessa svo og fyrri veikinda sinna,

sem hann var nýrisinn upp úr, fór hann að bifreið sinni, opnaði hana, setti í gang, kveikti á miðstöðinni og lagði sig síðan í aftursæti. Kvaðst hann ekki hafa hreyft við bifreiðinni, enda hafi sér verið kunnugt um, hverju það varðaði. Hins vegar hafi sig ekki grunað, að gangsetning bifreiðar ein út af fyrir sig gæti varðað við lög. Kvaðst hann næst hafa munað eftir sér við lögreglustöðina í miðbænum, en þangað taldi hann lögregluna hafa ekið sér sofandi í bifreiðinni. Þar var hann leiddur fyrir lögregluvarðstjóra, síðan til blóðtöku og loks í fangageymslu.

Vitnið Jón Bjarnason, Ásvallagötu 21, Reykjavík, kom fyrir rannsóknarlögregluna í Reykjavík 30. nóvember 1975 og gaf þar skýrslu. Kvað vitnið ákærða hafa komið heim til sín að Ásvallagötu 21 kvöldið áður, um kl. 2200. Ók vitnið síðan honum og bróður vitnisins, Kjartani, á Röðul um kl. 2300, en þar urðu þeir eftir. Að þessu loknu fór vitnið heim á ný, en síðan út í bæ gangandi og kom ekki heim fyrr en undir morgun, kl. 0600. Kvað vitnið ákærða hafa komið á bifreið sinni að heimili sínu og skilið hana eftir við hús nr. 25 við Ásvallagötu. Þar var bifreiðin eftir, er vitnið ók þeim á Röðul. Kvað vitnið það rétt, að ætlunin hafi verið, að ákærði dveldist í herbergi sínu og Kjartans um nóttina, þar sem Kjartan hafi ætlað að vera hjá unnustu sinni.

Skipaður verjandi ákærða, Stefán Sigurðsson héraðsdómslögmaður, hefur bent á, að ranglega sé skýrt frá í ákæruskjali, að brotið hafi verið framið við hús nr. 21 við Ásvallagötu. Brotið hafi verið framið við hús nr. 25. Enn fremur sé þess ekki getið í ákæruskjali, hvenær brotið var framið, en þess beri að geta. Þykja atriði þessi minni háttar, enda úr þeim bætt með bréfi ríkissaksóknara, dags. 14. febrúar 1977. Verður því dómur lagður á hegðun ákærða skv. framkominni kröfu ríkissaksóknara.

Þá hefur skipaður verjandi krafist sýknu, er hann byggir á því, að ákærði hafi ekki átt annarra kosta vól en gangsetja bifreið sína sér til varnar við kulda, sem ella hefði getað orðið honum að fjórtjóni. Ófyrirsjáanleg atvik hafi orðið til þess, að ákærði varð að hafast við í bifreið sinni, og nauðsyn verið sérstaklega brýn með tilliti til þess, að ákærði var nýrisinn upp úr veikindum. Verður ekki á þessi sjónarmið fallist, þar sem telja verður, að ákærða hafi verið fullfært að leita annarra úrræða, svo sem á náðir lögreglu.

Ákærði hefur bæði fyrir lögreglu og dómi viðurkennt að hafa neytt áfengis laugardagskvöldið 29. nóvember 1975, þar til dans-

leik lauk á Rööðli aðfaranótt sunnudagsins 30. nóv. s. á., og síðan sömu nótt gangsett bifreið sína, P 526, þar sem hún stóð fyrir framan hús nr. 25 við Ásvallagötu í Reykjavík.

Samkvæmt vottorði rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 2. desember 1975, reyndist magn alkóhóls í blóðsýni, teknu úr ákærða, vera 1.25%.

Ákærði hefur ökuskrirteini, útgefið 9. maí 1975 til 5 ára, réttindi B, C og D.

Niðurstöður.

Með játningu um gangsetningu bifreiðarinnar P 626 og neyslu áfengis, sem er í samræmi við niðurstöðu blóðrannsóknar og önnur sakargögn, er sannað, að ákærði gangsetti bifreið sína undir áhrifum áfengis, þar sem bifreiðin stóð við hús nr. 25 við Ásvallagötu í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 30. nóvember 1975. Þar sem gangsetning bifreiðar verður að teljast þáttur í akstri hennar, hefur ákærði með þessu gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Eins og fram kemur í sakavottorði ákærða, var honum með dómi í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 22. maí 1973, gert að sæta 10 daga varðhaldi fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur var ákærði jafnframt ökuleyfi í 1 ár frá 22. maí 1973. Framangreindur dómur hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem hér er fjallað um, og verður ákærða því dæmd refsing í samræmi við það.

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærða skv. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 hæfilega ákveðin 70.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber skv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá deginum í dag að telja.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 40.000.

#### Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Hjalti Hrólfsson, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 70.000, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar,

verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá deginum í dag að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. október 1978.

Nr. 66/1977. **Haraldur Jónasson**  
(Helgi V. Jónsson hrl.)  
gegn  
**Gjaldheimtunni í Reykjavík og gagnsök**  
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Skattar. Lögtaksgerð úr gildi felld.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Valtýr Guðmundsson, settur borgarfégeti í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. apríl 1977. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang hins umbeðna lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. maí 1977. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar um framgang lögtaksins svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

### I.

Í sambandi við athugun á skattframtali aðaláfrýjanda árið